



Samtakahópurinn 18.september 2020 kl. 10.00

Fjölskyldusetrinu, Skólavegi 1

Mætt: Fríða Guðlaugsdóttir, Hildur Björg Vilhjálmsdóttir, Kolbrún N. Þorgilsdóttir, Karen Elísabet Friðriksdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Aníta Engley, Guðmunda María Pálsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Guðrún Magnúsdóttir var í símasambandi og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Heilsu- og forvarnavika í Reykjanesbæ 5. – 11. október nk.

Heilsu og forvarnavikan verður haldin með breyttu sniði í ár og ekki í samstarfi við nágrannasveitarfélögin vegna Covid-19. Samtakahópurinn skorar á íbúa, fyrirtæki og stofnanir að taka þátt í vikunni með einum eða öðrum hætti. Þau sem eru að skipuleggja viðburð/tilboð er bent á að hægt er að senda tölvupóst á forvarnir@reykjanesbaer.is fyrir 25. september nk.

2. Stöndum saman forvarnardagur

Kristján Freyr Geirsson sagði frá forvarnardegnum stöndum saman sem fór fram í Fjörheimum/ 88 Húsinu í sumar þar sem að markmiðið var að fræða ungmenni um hættur er leynast í umferðinni á vespum og rafhlaupahjólum. Um var að ræða samstarfsverkefni Reykjanesbæjar, lögreglunnar, slysavarnardeildarinnar Dagbjargar og bifhjólaklúbbsins Arnanna. Gert er ráð fyrir að um árlegan viðburð verði að ræða

3. Kynning á starfssemi Fjörheima, 88 Hússins og Skjólsins.

Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins fór yfir fjölbreytta starfssemi hússins sem blómstrar sem aldrei fyrr. <https://www.youtube.com/watch?v=V0MJnzBejtl&feature=youtu.be>

4. Lífandi líðsheild

Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins kynnti nýtt námskeið sem að starfsmenn Fjörheima og 88 Hússins hafa verið að bjóða upp á að undanfögnu. Námskeiðið er sérhannað fyrir alla hópa á aldrinum 12-16 ára sem vinna saman að sameiginlegu markmiði.

Markmiðið með námskeiðinu er að þetta hópinn, efla líðsheild og leysa ágreininga með samskiptum. Útkoman er sterkari líðsheild sem þekkir betur styrkleika hvers og eins. Nánar um námskeiðið má lesa inn á neðangreindri vefslóð.

[https://www.fjorheimar.is/h%C3%B3pafli -](https://www.fjorheimar.is/h%C3%B3pafli-)

5. Vetur í Reykjanesbæ

Íþrótt- og tómstundafulltrúi fór yfir margvísleg íþrótt- og tómstundatilboð sem auglýst eru á vefslóðinni vetur.rnb.is

6. Væntanleg fræðsla í grunnskólana

a) Allir nemendur í 8. – 10. bekk fá fræðslu sem heitir Veldu, þar sem rætt er almennt um skaðsemi vímuefna á líf og heilsu fólks. Fræðslan fer fram í samstarfi við hjúkrunarfræðinga sem starfa hjá heilsulausnum. Kolbrún Sigurðardóttir námsráðgjafi Myllubakkaskóla lagði áherslu á að auka mætti fræðslu um skaðsemi orkudrykkja í þessum fyrirlestrum.

b) Sjúk ást. Fræðsla sem að starfsmenn Fjörheima og 88 Hússins munu fara með í eldri bekkir grunnskólanna.

https://drive.google.com/file/d/1Hmq_cH1TkJM4B7mFgzM9ZnpVvRgRy9TV/view

C) Fræðsla frá KVAN um samskipti og virðingu m.a. mun Salka Sól fléttast inn í fræðsluna.

7. Allir með

Samfélagsverkefni sem snertir um 6.000 manns í Reykjanesbæ. Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Samstarfsverkefni Reykjanesbæjar, Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags, Ungmennafélag Njarðvíkur og KVAN. Verkefnið er styrkt af Félagsmálaráðuneytinu.

<https://www.vf.is/sjonvarp/brudur-samfelagsatak-fyrir-born-og-hvitvinskonur-i-thaetti-vikunnar>

8. Önnur mál

Aníta Engley frá FFGÍR fagnaði því að fræðslan sem boðið verður upp á í Allir með sé unnin heildstætt, en vakti jafnframt athygli á að FFGÍR væri tilbúin að koma að og aðstoða með fræðsluna fyrir foreldra og telur að auka megi fræðslu um sjálfsmynd o.fl. fyrir yngri börn.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11.30



Ágæti viðtakandi

Vikuna 5. - 11. október næstkomandi verður haldin Heilsu- og forvarnavika í Reykjanesbæ. Markmiðið með þeirri viku er að hlúa að verndandi heilsufarsþáttum með þátttöku allra bæjarbúa og draga úr þeim áhættuþáttum sem einstaklingar geta staðið frammi fyrir á lífsleiðinni. Því er leitað til ykkar.

Þema vikunnar í ár er heilsulæsi !

Nú þegar Reykjanesbær hefur farið af stað með samfélagsverkefnið Allir með! þá hvetjum við enn frekar alla til þess vera með í Heilsu- og forvarnavikunni. Allir með! snýr einmitt að því að huga að velliðan bæjarbúa, þá sérstaklega barna, með virkri og heilsusamlegri samfélagslegri þátttöku.

Vonumst við til að sem flestir taki virkan þátt í verkefninu með því að bjóða íbúum upp á heilsutengda viðburði, þjónustu eða varning þessa vikuna. Markmiðið er að heilsu-og forvarnavikan sé fjölbreytt og höfði til sem flestra.

Stofnanir Reykjanesbæjar taka þátt í verkefninu og er það von okkar að sem flest fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök og íþrótt-og tómstundafélög sjái hag sinn í þátttöku verkefnisins.

Skila þarf upplýsingum/dagskrá fyrir 25. september nk. til að vera með í viðburðardagatalinu.

Til að skila inn efni er hægt að senda tölvupóst á forvarnir@reykjanesbaer.is

Hafþór Birgisson

Íþrótt- og tómstundafulltrúi


Guðrún Magnúsdóttir

Lýðheilsufulltrúi

Stöndum saman - Forvarnardagur

Fimmtudaginn 9.júlí var haldinn forvarnardagur í Fjörheimum/88 húsinu fyrir ungmennti í vinnuskóla Reykjanesháttar. Umfjöllunarefni forvarnardagsins var notkun á vespum og rafhlaupahjólum. Markmiðið var að fræða ungmennin um hættur sem geta leynst í umferðinni og í sameiningu ætlum við öll að bæta þessa umferðarmenningu sem er tengd akstri þessara ökutækja og koma þannig í veg fyrir slys og óhöpp.

Lögreglan á Suðurnesjum fræddi ungmennti um notkun á vespum og rafhlaupahjólum, upplýsti þau um hættur og hvað má og hvað má ekki í þessum fræðum. Slysavarnardeildin Dagbjörg sýndi fræðslumyndbönd tengd umfjöllunarefninu og skelltu svo í Kahoot spurningaleik. Meðlimir í bifhjólaklúbbnum Erni voru til staðar og sýndu ungmenntum viðeigandi hlífðarbúnað. Dagskráin endaði svo á léttu nótunum með tónlistaratriði frá Hughrif í bæ.



Hvatagreiðslur

Reykjanesbær greiðir árlega hverju barni sem lögheimili á í bæjarfélaginu 6 - 18 ára 35.000 kr. til niðurgreiðslu á viðurkenndu íþróttá-, tómstunda- og listgreinastarfi. Greiðslan getur aldrei orðið hærri en sem nemur kostnaði við námskeið. Skilyrði þess að hægt sé að nýta hvatagreiðslurnar er að um skipulagt starf sé að ræða, sem er stundað undir leiðsögn þjálfara og kennara/leiðbeinanda. [Sjá reglur um hvatagreiðslur.](#)

Nánari upplýsingar veitir íþróttá- og tómstundafulltrúi á netfangið hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is

Incentive payments

płatności motywacyjne

Sjá allt

2-5 ára

6-7 ára

8-9 ára

10-11 ára

12-13 ára

14-15 ára

16 ára +



Hnefaleikafélag Reykjanes kynnir

Hnefaleikadeildin er með kröftugt starf í Bardagahöllinni!



Skátafélagið Heiðabúar kynna!

Skátarnir okkar eru með spennandi starf að vanda...



Þríþrautardeild UMFN kynnir!

Í Þríþrautardeild UMFN er lagt stund á sund, hjóleiðar og hlaup.



Danskompaní kynnir!

Spennandi dansnám fyrir 2 - 20 ára!



Körfuknattleiksdeild Keflavíkur

Körfuknattleiksdeild Keflavíkur býður uppá æfingar við bestu aðstæður fyrir stráka og stelpur á öllum aldri.



Hæfileikasmíðjan kynnir!

Hæfileikasmíðjan kynnir